

L Ö G

98
3. des.

um breyting á lögum nr. 47/1950, um breyting á lögum nr. 44 frá 9. maí 1947,
um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Í stað „4%“ í 1. efnismálsgr. 6. gr. laganna (40. gr. 1. nr. 44/1947) komi: 6%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra einnig til þeirra ríkis-
skuldabréfa, er þegar hafa verið gefin út samkvæmt lögum nr. 47/1950.

Gjört í Reykjavík, 3. desember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

99
3. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h.f. Hval innflutning
á fjórum hvalveiðiskipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum,
þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. desember 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.